

## Fundur skólaráðs mánudaginn 27. september 2010 kl. 14:45

**Mættir: Lilja Karlsdóttir og Gunnhildur Grétarsdóttir (varamaður f. Bergljótu Vilhjálmsdóttur) fulltrúar kennara, Sigríður Kragh fulltrúi annarra starfsmanna, Vésteinn Pétursson og Daníela Rún Pálsdóttir fulltrúar nemenda, Anna Linda Bjarnadóttir, Guðrún Birna Finnsdóttir, Inga Lís Sófusdóttir (varafulltrúi) og Sigrún Logadóttir fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags. Margrét Harðardóttir skólastjóri og Hafdís Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólastjóri.**

1. Skólastjóri setti fundinn og gerði grein fyrir dagskrárbreytingu er varðar umfjöllun um vettvangsferðir. Fundarmenn kynntu sig og Margrét kynnti starfsemi skólaráðs.

2. Skólabyrjun. Skólastjóri gerði grein fyrir helstu atriðum er varða skólabyrjun og skólastarfið. Nemendur eru 423 og hefur þeim fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Skipulag skóladags og stundafjöldi er óbreyttur frá síðasta skólaári. Mötuneytið fer ágætlega af stað þrátt fyrir ýmis vandkvæði varðandi skömmtun sem unnið er að lausn á. Guðrún Birna sagði frá umræðu um að endurvekja matarnefnd foreldrafélagsins. Skólastjóri sagði frá næringarráðgjafa á vegum Garðabæjar sem hefur það hlutverk að rýna matseðla í grunnskólum. Nemendum sem eru í mataráskrift hefur fjölgað hlutfallslega frá því árið 2008. Því miður þá virðast nemendur henda talsvert af ávöxtunum sem koma í áskriftinni. Bent á að starfsmenn skóla láti vita heim ef börnin borða ekki matinn, ávextina sem þeim er boðið uppá í áskriftinni. Spurt hvort möguleiki sé á að senda stutta könnun til foreldra þeirra barna sem ekki eru í mataráskrift og kanna ástæður þess. Það verður athugað. Foreldrum þykir mikilvægt að afla upplýsinga til þess að geta nýtt þær í viðræðum við bæjaryfirvöld.

Fulltrúi foreldra spurði um umferðamálin og hvernig þau hafi gengið. Almennt hafa þau mál verið í lagi. Í athugun er að setja umferðarmerki þar sem ekið er út af bílastæði við FG, biðskyldu eða stöðvunarmerki. Viðbrögð bæjaryfirvalda við öllum beiðnum er varða umbætur í umferðamálum við skólann hafa verið mjög snör og til fyrirmyndar.

Fulltrúi foreldra spurði hvort skólinn fylgist með fjöldatölum barna á leikskólum og fæðingatölum. Svar skólastjóra er að það sé gert og skólaskrifstofa fylgist með því.

3. Starfsáætlun skóla. Skólastjóri kynnti það rit og hlutverk þess. Fulltrúi nemenda lýsti því að óþægilegt sé að hjúkrunarfræðingur skólans sé ekki við alla daga vikunnar. Skólastjóri svaraði því að starfshlutfall skólahjúkrunarfræðings væri ekki á forræði skólans og fór yfir hlutverk hennar og starfslýsingu. Í framhaldi rætt um aðgengi nemenda að námsráðgjafa þegar bjátar á. Starfshlutfall námsráðgjafa hefur verið aukið í 80%.

4. Skólaþing. Skólastjóri sagði frá vinnu skólaskrifstofu við nýja skólastefnu Garðabæjar. Skólanum er ætlað að búa sér til áætlun um kynningu og aðgerðaáætlun innleiðingar skólastefnunnar. Skólanum er ætlað að halda nokkur skólaþing þar sem menn koma saman og forgangsraða markmiðum stefnunnar og finna leiðir til þess að uppfylla þau. Spurt er hvernig skólinn nær til foreldra þannig að þeir mæti á skólaþing og leggi til vinnu. Skólaskrifstofa leggur könnun fyrir foreldra, starfsmenn og hugsanlega nemendur, í byrjun október, þar sem fjallað er um markmið úr stefnunni. MH lagði fram gögn þar sem hún hefur tekið helstu markmið saman. Fulltrúi foreldra deildi reynslu sinni af íbúðingum þar sem verið var að vinna að undirbúningi skólastefnunnar. Að hennar mati var það ekki nógu markvisst og náðist ekki að fara yfir nógu mörg markmið þar sem allir voru að vinna að því sama. Bent

á að hafa skipulagið þannig að mismunandi hópar vinni að mismunandi verkefnum í stað þess að allir fjalli um allt. Lagt til að foreldrar fái að forgangsraða markmiðum í könnuninni. Leggja verði mesta áherslu á forgangsröðun og að verkefni þingsins verði vel skilgreind og vel skipulögð. Í skólanum verður fjallað um stefnuna á fundum 12., 16. og 18. nóvember þar sem allir starfsmenn taka þátt. Fundarmönnum þykir það áhugaverður kostur að fá samræðu kennara og foreldra. Skoða þarf sérstaklega skólaþing með nemendum og aðkomu þeirra að því. Nemendafélag á að vera starfandi í skólanum frá 1. – 7. bekk þar sem tveir fulltrúar. Skólustjóri kynnti hugmynd að spurningum fyrir nemendur og foreldrar bentu á hvort ekki væri hægt að nýta niðurstöður úr leiðsagnarmati sem unnið er í tengslum við nemenda- og foreldrasamtöl í október. Mikið verk er að vinna úr niðurstöðum og meta þær. Skólinn þarf að útbúa spurningar fyrir nemendur.

5. Fulltrúar foreldra, svæðaráð ganga á fund bæjarstjóra 15. október og koma á framfæri umkvörtunarefnum og áhyggjuefnum foreldra í bænum. Fundurinn er vel undirbúinn og fær bæjarstjóri spurningar sendar fyrirfram. Fulltrúar héðan munu leggja áherslu á viðbyggingu við skólann og að búið verði sæmandi að ört stækkandi skóla. Foreldra munu koma fram sem ein rödd með áhersluatriði fyrir alla skólans. Einnig verður rætt um „tómstundabíl“ og tengingu við Ásgarðssvæðið fyrir öll börn í bænum. Fundarmenn eru sammála um að húsnæðismálin hér í Hofstaðaskóla séu forgangsbátt. Einnig verður á fundinum ítrekað mikilvægi þess að færa peninga til baka inn í skólustarfið þar sem sultarólin hefur verið hert verulega. Valgreinar og kór voru einnig nefnd sem atriði sem nemendum þykir mikilvægt. Skólustjóri sendir fulltrúa foreldra ýmis gögn er varða framtíð skólans. Fulltrúar skólans þakka foreldrum fyrir metnað þeirra og vilja til þess að styðja við skólustarfið og bæta það eins og frekast er unnt.

Fulltrúar kennara spurðu hvort fyrirhugað væri að breyta því að foreldrar geti valið skóla fyrir börnin sín þar sem þrengir að. Saga þess máls var rakin og hugnast mönnum ekki að taka slíkt upp.

6. Önnur mál: Rætt um hversu fáir foreldrar (15) mættu á aðalfund foreldrafélagsins og hvaða ástæður menn gefa fyrir því s.s. að of mikið sé á dagskrá á stuttum tíma.

Fundi slitið kl. 16.17.

Hafdís Bára Kristmundsdóttir